

þar með talinna málssóknarlauna skipaðs sækjanda, Vilhjálms Jónssonar hrl., og málsvarnarlauna skipaðs verjanda, Ragnars Ólafssonar hrl., kr. 2500.00 til hvors.

Dóm þenna kvað upp Einar Arnalds, formaður dómsins, ásamt samdómendunum Hafsteini Bergþórssyni útgerðarstjóra, Pétri Björnssyni skipstjóra og sjómönnunum Jóni Ármannssyni og Jóni Ó. Jónssyni.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Ísleifur Gíslason, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði er sviptur réttindum til skipstjórnar og stýrimennsku í 3 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda, Vilhjálms Jónssonar hæstaréttarlögmanns, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2500.00 til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. marz 1956.

Nr. 8/1954. Aðalsteinn Guðnason (Ragnar Jónsson)
 gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
 (Sigurður E. Ólason).

Dómendur:

hæstaréttardómarmennir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Einar B. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. janúar 1954 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 120.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1952 til greiðsludags og svo málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Aðalsteinn Guðnason, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. október 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Aðalsteinn Guðnason, fyrrverandi flugumferðarstjóri, Bólstaðahlíð 8, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 25. júní 1952, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta vegna ólögmatrar uppsagnar, að fjárhæð kr. 500.000.00, með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Í hinum munnlega málflutningi breytti stefnandi kröfum sínum þannig, að hann krafðist þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða kr. 120.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1952 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. Til vara hefur hann krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að stefnandi starfaði um alllangt skeið sem flugumferðarstjóri á Reykjavíkurflugvelli. Svo virðist sem ráðning hans hafi framan af verið munnleg og nokkuð óákveðin. Á árinu 1947 virðast hafa hafizt umræður milli yfirmanna flugmálaþjónustunnar og stefnanda og annarra flugumferðarstjóra um kaup þeirra og kjör í framtíðinni. Með bréfi, dags. 16. október 1947, sem stílað er til flugmálastjóra, lýsa flugumferðarstjórarnir kröfum sínum, og er einn þáttur þeirra sá, að þeir fái skipunarbréf til starfans. Eftir þetta hófust samningaumleitanir milli yfirmanna flugmálaþjónustunnar og flugumferðarstjóranna um kaup

og kjör hinna síðargreindu. Af hendi flugmálapjónustunnar virðast þeir aðallega hafa tekið þátt í samningum þáverandi flugmálastjóri og formaður Flugráðs. Svo virðist sem samkomulag hafi náðst með aðiljum. Þann 26. febrúar 1948 gaf samgöngumálaráðherra, en undir hann heyra flugmál, út ráðningarbréf til stefnanda og nokkurra annarra flugumferðarstjóra. Í upphafi bréfs stefnanda segir svo: „Hér með eruð þér, herra flugumferðarstjóri, skipaður til þess að vera flugumferðarstjóri við flugumferðarmiðstöðina á Reykjavíkflugvelli frá 1. marz þ. á. að telja“. Síðar í bréfi þessu segir: „Uppsagnarfrestur skal vera 6 mánuðir af beggja hálfu“. Stefnandi hreyfði engum athugasemdum við þessum ákvæðum og hélt síðan áfram störfum sínum um nokkurra ára skeið. Þann 24. nóvember 1951 ritaði þáverandi samgöngumálaráðherra stefnanda bréf. Í bréfi þessu er stefnanda sagt upp starfi frá 1. desember 1951 að telja. Jafnframt var honum tilkynnt, að honum yrðu greidd fyrirfram 6 mánaða laun. Hætti stefnandi því störfum þann 1. desember 1951, og voru honum þá greidd laun fyrir næstu sex mánuði.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að uppsögn þessi hafi verið ólögmat. Heldur hann því fram, að í ársbyrjun 1948 hafi ekki verið vitað, hvernig myndi verða með fjárframlög frá Alþjóðaflugmálastofnuninni til að standa straum af rekstri flugumferðarmiðstöðvarinnar á Reykjavíkflugvelli. Ljóst hafi verið, að íslenska ríkið hafði ekki fjárhagslegt bolmagn til að reka flugumferðarmiðstöð þessa, nema mjög verulegur styrkur kæmi frá öðrum aðiljum. Við samningsumræðurnar hafi formaður Flugráðs skýrt frá því, að nauðsynlegt myndi verða að fækka mjög verulega starfsmönnum við flugumferðarstjórnina, ef fjárframlag frá Alþjóðaflugmálastofnuninni yrði fellt niður eða skert verulega. Af þeim ástæðum hafi flugumferðarstjórnarnir fallitz á, að um uppsögn gæti verið að ræða og að uppsagnarfrestur yrði sex mánuðir. Það hafi hins vegar verið fastákveðið, að uppsögn kæmi ekki til, nema af fyrrgreindum ástæðum. Með hliðsjón af þessu hafi þeir verið skipaðir til starfans. Hefur stefnandi haldið því fram, að með því að kalla þá flugumferðarstjórnana skipaða hafi forráðamenn ríkisins skuldbundið sig til að segja þeim ekki upp starfanum, meðan þeir brytu ekki af sér í starfi og meðan fjárframlögin frá Alþjóðaflugmálastofnuninni yrðu ekki skert eða felld niður. Hefur stefnandi í þessu sambandi bent á, að sumarið 1948 hafi verið ráðnir nokkrir aðstoðarflugumferðarstjórar. Þeir hafi verið ráðnir til starfans með sex mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti, og hafi ráðningarbréf þeirra verið undirritað af flug-

málastjóra. Það hljóti að vera ljóst, að einhver munur eigi að vera á réttarstöðu þessara tveggja starfsmannahópa, flugumferðarstjóranna með skipunarbréfi og aðstoðarflugumferðarstjóranna, sem séu ráðnir. Sá ríkisstarfsmaður, sem skipaður sé til starfa, megi treysta því, að hann haldi starfi sínu, á meðan hann hafi heilsu til, meðan hann er undir aldurshámarki opinberra starfsmanna og meðan hann brýtur ekki af sér. Þeir flugumferðarstjórnir hafi hins vegar skuldbundið sig til að hlýta uppsögn, ef fyrrgreind fjárframlög frá Alþjóðaflugmálastofnuninni yrðu skert eða felld niður. Ekkert af þessu hafi komið fram, að því er stefnanda varðar. Hann hafi fulla heilsu til að gegna starfi sínu, hafi enn ekki náð aldurshámarki opinberra starfsmanna, ómótmælt sé, að hann hafi gegnt starfi sínu óaðfínanlega, og fjárframlögin frá Alþjóðaflugmálastofnuninni hafi frekar hækkað heldur en hitt frá þeim tíma, að samningar þessir áttu sér stað. Nú hafi honum verið sagt upp, án þess að nokkur ástæða hafi verið tilgreind. Slíkt hafi verið óheimilt, og beri stefnda því að bæta allt það tjón, sem af þessu hafi hlotizt fyrir hann.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að samkvæmt samningum þeim, sem gerðir hafa verið við stefnanda og að framan hefur verið lýst, hafi svo verið um samið, að honum mætti segja upp með 6 mánaða uppsagnarfresti. Það hafi verið gert, stefnandi hafi fengið þann 6 mánaða uppsagnarfrest, sem tilskilinn hafi verið, og frekari kröfur geti hann ekki gert í þessu sambandi. Hefur stefndi mótmælt því, að það hafi verið ákveðið við samningana, að uppsagnarákvæðinu skyldi aðeins beitt, ef fjárframlagið frá Alþjóðaflugmálastofnuninni félli niður eða yrði lækkað að mun. Ástæðan til þess, að sumir flugumferðarstjórnir hafi verið taldir ráðnir, en aðrir skipaðir, hafi aðeins verið sú, að hinir síðargreindu hafi átt að fá hærri laun. Réttaraðstaða beggja hafi hins vegar átt að vera hin sama. Stefndi geti engan rétt byggt á þessu orðalagi, sem að vísu megi segja, að sé ónákvæmt, en almennt sé viðurkennt, að þeir einir séu taldir skipaðir til starfa, sem ráðnir séu, án þess að um nokkurn uppsagnarfrest sé að ræða. Hefur stefndi í þessu sambandi bent á, að uppsagnarákvæðið sé gagnkvæmt. Þá hefur stefndi bent á, að ekki skipti máli, hvað hafi verið rætt um við samkomulagsumleitarnirnar, þar sem endanleg ákvröðun þessara mála lúti ráðherra samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga nr. 65 frá 1947 og hann einn geti bundið ríkissjóð að þessu leyti.

Flugumferðarstjórnir þeir, sem ráðnir voru til starfa um leið og stefndi og með sömu kjörum, hafa lýst yfir því fyrir dómi, að

svo hafi verið um talað og gert ráð fyrir, að uppsagnarákvæðið í samningunum kæmi aðeins til framkvæmda, ef fjárframlagið frá Alþjóðaflugmálastofnuninni yrði skert að mun. Um þetta hafi verið talað í samningsumleituninum við formann Flugráðs, og hafi hann ekkert haft við þenna skilning að athuga. Yfirflugumferðarstjórinn, sem virðist aðallega hafa komið fram fyrir hönd samstarfsmanna sinna, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að í umræðunum við formann Flugráðs hafi formaðurinn beint tekið fram, að uppsagnarákvæðinu myndi því aðeins beitt, ef fækka þyrfti flugumferðarstjórum vegna ónógs fjárframlags frá Alþjóðaflugmálastofnuninni. Það hafi því alltaf verið við það miðað í samningsumleituninum. Formaður Flugráðs hefur skýrt svo frá, að það hafi verið ósk flugumferðarstjórana, að uppsögn yrði bundin því, að fjárframlag félli niður frá Alþjóðaflugmálastofnuninni, en á þessum tíma hafi verið nokkur vafi á, hvernig færi um framlög þessi í framtíðinni. Þá hefur formaðurinn borið, að hann hafi verið á fundi með þáverandi samgöngumálaráðherra, sem hafi haft flugmál með höndum. Á fundi þessum hafi einnig verið einhverjir forsvarsmenn flugumferðarstjórana, og hafi þá komið fram ósk um það, að uppsagnarákvæðið yrði skilyrt, eins og að framan getur. Á þetta hafi hins vegar ekki verið fallið. Hins vegar hefur formaðurinn lýst því yfir, að það hafi verið hans persónulega skoðun, að uppsagnarákvæðinu yrði því aðeins beitt, að fjárframlög frá Alþjóðaflugmálastofnuninni féllu niður eða rýrnuðu að mun. Fyrrverandi flugmálastjóri kveðst hafa tekið þátt í samningsumleitunum þessum. Hann kveðst hafa gert uppköst bæði að skipunarbréfunum og ráðningarsamningunum, og muni uppköst þessi hafa verið lögð til grundvallar óbreytt. Hafi hann talið, að uppsagnarákvæðið tæki aðeins til þess, ef fækka þyrfti mönnum verulega vegna ónógra fjárframlaga frá Alþjóðaflugmálastofnuninni.

Fram hefur komið í málinu, að það voru formaður og ritari Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem mættu af hálfu flugumferðarstjórana á fundi þeim hjá ráðherra þeim, sem með flugmál fór, sem áður hefur verið rætt um. Í gerðabók stjórnar bandalagsins er talið, að þetta hafi verið þann 31. janúar 1948, og tekið fram, að samkomulag hafi náðst um kaup og kjör flugumferðarstjórana. Er þar tekið fram, að fimm flugumferðarstjórar skuli fá skipun fyrir starfi sínu með sex mánaða uppsagnarfresti. Þá er þess getið, að fulltrúar flugvallarstarfsmanna hafi lýst sig samþykka þessu. Fyrrgreindur yfirflugumferðarstjóri hefur lýst því yfir, að hann hafi verið á fundi með stjórn

Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, eftir að rætt hafi verið við ráðherrann. Hafi stjórnin þá skýrt frá því samkomulagi, sem náðst hafi. Kveðst yfirflugumferðarstjórinn þá hafa spurt að því, hvort uppsagnarákvæði það, sem um var talað, myndi rýra gildi skipunarbréfsins sem venjulegs skipunarbréfs. Formaður bandalagsins hafi þá talið, að svo myndi ekki vera. Hafi því ekki verið meira um þetta rætt. Ráðherra sá, sem hafði flugmál með höndum á þessum tíma, hefur skýrt svo frá, að hann muni ekki til, að nokkur fyrirvari væri gerður um það, að uppsagnarákvæðinu mætti ekki beita, nema Alþjóðaflugmálastofnunin kippti að sér hendinni um greiðslur vegna flugumferðarstjórnarinnar á Norður-Atlantshafi. Þá hefur ráðherrann talið ólíklegt, að slíkt skilyrði myndi hafa verið samþykkt.

Hér að framan hefur verið rakið það, sem fram hefur komið í máli þessu um samningana við flugumferðarstjórana. Telja verður ljóst, að flugumferðarstjórnir, þar á meðal stefnandi, hafi álitid, að uppsagnarákvæðinu yrði ekki beitt, nema fjárframlagið frá Alþjóðaflugmálastofnuninni minnkaði að mun eða félli alveg niður. Af öllu er ljóst, að endanleg ákvörðun um kaup og kjör flugumferðarstjórana hefur verið tekin fyrir á fundi þeim hjá ráðherra, sem áður getur, enda kemur fram, að þar hafa verið rædd ýmis atriði, sem eigi hafði náðst samkomulag um áður. Ósannað er, að á fundi þessum hafi ráðherrann samþykkt, að margnefnt uppsagnarákvæði skyldi vera skilyrt, enda bendir bókun stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja til hins gagnstæða. Með vísan til þessa og þar sem stefnandi tók athugasemdalaut við ráðningarsamningi sínum, þar sem óskilyrt var uppsagnarákvæðið, þá verður eigi talið, að stefnanda hafi tekizt að sanna, að svo hafi verið um samið, að uppsagnarákvæðinu skyldi því aðeins beitt, ef fjárframlög frá Alþjóðaflugmálastofnuninni lækkuðu eða féllu niður, enda breytir það ekki uppsagnarákvæðinu, þótt ráðningarbréf stefnanda sé svo orðað, að hann sé skipaður. Þar sem uppsagnarfrestur samkvæmt framansögðu var af hálfu beggja aðilja ákveðinn sex mánuðir, var hvorum aðilja um sig heimilt að segja upp samningnum með þeim fyrirvara og án þess að greina ástæður.

Með vísan til þessa þykir verða að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Aðalsteins Guðnasonar, í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 12. marz 1956.

Nr. 30/1956. **Sæmundur Ólafsson f. h. eigenda v/b Sigurðar Stefánssonar**

gegn

Ingólfi G. S. Esphólin.

Dómendur:

hæstaréttarmararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Einar B. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. f. m., er barst Hæstarétti 27. s. m. Hann krefst þess, að gagnsök í aðalmálinu verði vísað frá héraðsdómi og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Er varnaraðili höfðaði gagnsök í héraði, hafði aðalmálið velkzt fyrir héraðsdómi nærfellt tvö ár. Samkvæmt meginreglum laga nr. 85/1936 um greiða málsmeðferð og ákvæðum þeirra laga um fresti, sbr. 2. mgr. 70. gr., 110. gr. og 111. gr., þykir varnaraðili að svo vöxnu máli eigi mega koma gagnsökinni fram. Ber því að vísa henni frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 500.00.